

Stjórnarfundur JA á Ísl – 26. febrúar 2025

Mættir: Ágúst, Aníta, Hjördís, Ástrós, Sólrún.

- Óformlegur stjórnarfundur án fundargerðar var haldinn þann 12. febrúar til að fara yfir verkefnastöðu stjórnar og ákveða framhald fræðslufunda.
- Fjármál
 - Farið yfir ársreikning síðasta árs, 2024. Rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um rúm 600 þús. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um tæp 400 þúsund. Mismunur skýrist aðallega af nokkuð minni bókasölu en áætlað var og auknum prentkostnaði. Í upphafi árs 2024 var handbært fé 1.353.000 kr. en í lok ársins 729.000.
 - 15 félagsmenn greiddu ekki félagsgjöld en sendu heldur ekki úrsagnarpóst. ÁFJ sendi þeim lokaviðvörðun áður en nöfn voru fjarlægð úr félagaskrá. Nokkrar nýskráningar hafa borist undanfarið og eru þá félagsmenn 98 talsins þessa stundina.
 - Prentkostnaður á bókum hefur hækkað töluvert og er kominn í 3000 kr. á bók. Formaður leggur til að fyrir næstu áramót verði verð á bókum og spjöldum hækkað í 6500 eða 7000 kr fyrir bækur og 4000 fyrir spjöld en að það verði hið sama og verið hefur út þetta ár.
 - Farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir 2025. Gert ráð fyrir smávægilegum afgangi af rekstri, um 150 þ.kr.
- Aðalfundur 2025.
 - Dagsetning og form, stefnt að aðalfundi 14. maí. Fjarfundur með hefðbundnu sniði.
- Fræðslufundir það sem eftir lifir vetrar:
 - 10. mars – Áföll – Teresa er klár í slaginn.
 - 7. apríl – Matslistar og áætlanagerð - Ágúst
 - 12. maí – Verkfærin - Aníta.
 - Aðrar hugmyndir í geymslu: Fræðsla fyrir starfsfólk skólanna, í hvaða formi hún ætti að vera, hvernig á að halda hlutunum við.. kostir og gallar við að fá nýtt starfsfólk, foreldrahlutinn – hvernig á að standa að fræðslu til foreldra. Hvernig líta barnafundir út í þínum skóla? Grunnhugmyndafræðin. Samtökin hér og úti, Labskólar, framhaldsnám, réttindanámskeið, ráðstefnurnar.
- Námskeið
 - Leiðtoganámskeið – Ágúst stefnir að 3,5 klst námskeiði á Selfossi 21. mars fyrir stýrihópa í skólum, ásamt tveimur eftirfylgnifundum gegnum net. ÁFJ ítrekar með tölvupósti.
 - Leikskólanámskeið – Jónína búin að setja niður námskeið í maí og september.
 - Grunnskólanámskeið – Ágúst að prófa að auglýsa námskeið 9.-10. maí í Reykjavík.
 - Foreldrafræðslunámskeið – ÁFJ og AJ skoða.
- Verkefnalisti stjórnar
 - Senda út spjöld til skilvísra félagsmanna – ÁFJ Lokið.
 - Uppfæra félagaskrá eftir uppgjör félagsgjalda – ÁFJ Lokið.
 - Ársreikningur 2024 og fjárhagsáætlun 2025 – ÁFJ Lokið
 - Verkfæraspjöld leikskóla – leyfi og erlend útgáfa komin í hús. ÁFJ byrjaður að þýða.

- Heimasíða – yfirfara og gera tillögur að umbótum – Allir skoða og punkta hjá sér hugmyndir og ábendingar. Tökum upp aftur á næsta fundi.
 - Myndband um bekkjarsáttmála í grunnskólum – komið á heimasíðu.
 - Myndband um venjur og rútínur í leikskóla – SÓ
 - Myndband af bekkjarfundi í grunnskóla – Helga tékkar á Heiðu og/eða Ödu.
 - Rannsóknargögn – ÁFJ tékkar á síðu PDA, AJ tékkar á innlendu efni.
 - Prentun á viðbótarupplagi af grunnskólabókinni – AJ Lokið.
- Önnur mál
 - Nýr aðildarkostur fyrir foreldra var kynntur af PDA í vikunni.
 - Fundartími - stjórnarfundir framvegis kl. 17.

Næsti fundur 26. mars kl. 17:00